

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 11. október 2024  
UST202409-002/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Galtalækjarskógur og Merkihvoll**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 vegna Galtalækjarskógar og Merkihvols.

Í greinargerð kemur fram afþreyingarsvæðið AF5 verður fellt út og skilgreind verður ný frístundabyggð (F82) á svipuðum stað og AF5 var. Auk þess segir að frístundasvæðið F43 stækkar úr 10 ha í 12,1 ha og færist til norðurs. Núverandi þjónustusvæði, VP7 minnkar og skilgreint er nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði SL30 meðfram Landvegi. Auk þess er skilgreint vatnsból, VB30 auk grann- og fjarsvæða. Við þessar breytingar þá breytist lítillega afmörkun opinna svæða (OP1), auk afmörkunar óbyggðra svæða (ÓB) og landbúnaðarlands (L).

Einnig kemur fram að í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 50 frístundahúsum á bæði F43 og fyrirhugaðrar nýrrar frístundabyggðar á svæðinu (F82). Innan VP7 verður gert ráð fyrir nýju gistihúsi auk allt að 50 lítilla gestahúsa til útleigu þar sem heildar byggingamagn er 4.500 m<sup>2</sup>. Við Lönguhlíð, núverandi gistiheimili, verður tjaldsvæði fyrir ferðamenn og aðra gesti Galtalækjarskógar.

### **Vatnamál**

Í greinargerð er vísað í lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027<sup>1</sup> Löggin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó). Auk þess segir að ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglugerðum á ekki að vera hætt á mengun. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi um fráveitu. Vatnsból er bætt við ásamt verndarsvæði þess. Ólíklegt er að álag á vatn sé það mikið að vatnshlot tapi umhverfismarkmiðum sínum.

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar

---

<sup>1</sup> [Vatnaáætlun 2022-2027](#).

og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrrséð er álag á vatn).

Breytingarnar hafa áhrif á straumvatnshlotið Ytri-Rangá 3 (103-899-R) sem hefur umhverfismarkmið um mjög gott vistfræðilegt ástand og að minnsta kosti gott efnafræðilegt ástand. Raunverulegt vistfræðilegt ástand vatnshlotsins hefur verið metið mjög gott út frá líkindum en þörf er á gögnum til þess að staðfesta þá flokkun. Efnafræðilegt ástand er óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum. Eins og fram kemur í greinargerð hafa breytingarnar einnig áhrif á grunnvatnshlotið Tungnárhraun (103-308-G) en umhverfismarkmið þess er að vera með að minnsta kosti góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Raunverulegt ástand vatnshlotsins er óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum.

Gera þarf áhrifamat til þess að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar og hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.<sup>2</sup> Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir og umhverfismarkmið þess, en einnig þarf að fjalla um núverandi ástand þess.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála<sup>3</sup>). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er

<sup>2</sup> [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

<sup>3</sup> [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

**sérfræðingur**